



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

1. Skipulag fundar

Heiti fundar: 16. fundur Aðalstjórnar
Fundarstjóri: Davíð Þór Sigurðarson
Fundarritari: Jón Óli Benediktsson

Dagsetning: 07.11. 2011
Staður: Hettan
Tími : 17:30

Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn
Jóney Jónsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar	Elínborg Valsdóttir, formaður Blakdeildar
Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar	Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar
Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn	

Fjarverandi:

Drífa Dröfn Einarsdóttir, formaður sunddeildar	
Árni Ólason, formaður fótoltadeildar	

2. Markmið fundar

Markmið fundarins er að fara yfir stöðu komandi verkefna og þeirra sem verið er að vinna að.

3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Yfirdráttarheimild til körfuboltadeildar	Davíð	10
Ályktun frá fimleikadeild vegna fimleikahúss	Davíð	10

4. Helstu umræður

Drífa Dröfn Einarsdóttir og Árni Ólason boðuðu forföll.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Yfirdráttarheimild til körfuboltadeildar

Magnús Ásmundsson fer yfir áætlanir um rekstur meistaraflokks körfuboltadeildar. Gert er ráð fyrir að tekjur deildarinnar í vetur verði 8,5 milljónir og gjöld um 8 milljónir. Það eru erfiðir tímar hjá þeim peningalega fram yfir áramót og fara þeir fram á að fá yfirdráttarheimild í Arion til að brúa það bil þar til í lok janúar. Þeir vilja frekar standa í skilum við sína birgja með þessum yfirdrætti en að fá lánað hjá þeim fram yfir áramót.

Það eru fleiri sem koma að rekstri deildarinnar en verið hefur undanfarin ár. Þórhallur Harðarson sér um fjármálin og Sigurður (Siddi) Ragnarsson sér um bókhaldið.

Fóru inn í tímabilið með töluvert verri stöðu peningalega en gerð var grein fyrir í upphafi vetrar.

Föst útgjöld meistaraflokks eru laun þriggja leikmanna, ferðakostnaður og dómargjöld.

Körfubolta akademían er að styrkja starfið mjög, fleiri iðkendur að koma inn.

Yngri flokkar reka sig alveg sjálfir. Árgjald fyrir önnina er kr. 15.000 kr.

Davíð formaður vill í framtíðinni sjá körfuboltann í svipuðu rekstrarfélagsformi og meistaraflokkur fótboltans er í.

Yngri flokkar körfuboltans urðu af tekjum þar sem tekjur voru teknar upp í skuld við aðalstjórn félagsins.

Magnús tók það líka fram að yngri flokkar mundu njóta styrkja frá fyrirtækjasamningum sem deildin væri með.

Magús gagnrýndi styrkúthlutunina þar sem um mikla samkeppni væri að ræða, úthlutað eftir iðkendafjölda.

Góðar tekjur eru að koma inn af aðgöngumiðasölu inn á heimaleiki í deildinni, gert var ráð fyrir tekjum í vetur upp á 150.000 kr. en tekjur af fyrsta heimaleik fóru í 95.000 kr.

Umsókn körfuboltans um heimild til yfirdráttar samþykkt samhljóða. Mjög erfitt að setja sig upp á mótí þessu. Þar sem rekstraráætlanir deildarinnar líta nokkuð vel út.

Aðalstjórn er alltaf ábyrg fyrir skuldum einstakra deilda ef illa fer.

Ályktun frá fimleikadeild vegna fimleikahúss

Ályktun fimleikadeildar er eftirfarandi :

Stjórn fimleikadeildar Hattar hefur unnið að samantekt um viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum, þ.e. fimleikahús. Bygging fimleikahúss myndi stökkbreyta möguleikum fimleikastarfs á Egilsstöðum og í raun á öllu Austurlandi. Bygging fimleikahúss hefði jafnframt veruleg jákvæð áhrif á möguleika annarra íþróttagreina sem nýta Íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum og skapar ný tækifæri til notkunar Íþróttamiðstöðvarinnar.

Önnur mál

5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Heimild til körfuboltadeildar með yfirdrátt í Arion banka.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Ályktun fimleikadeildar samþykkt með öllum atkvæðum mætttra fulltrúa.

6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.

Fundi slitið kl 19:15.

Davíð Þór Sigurðarson

Jón Óli Benediktsson